

Nú (apríl 2008) þegar gengur svona vel í körfunni hjá Snæfelli er gaman að líta til baka til upphafsára körfuboltans í Stykkishólmi. Körfuboltinn hefur í áratugi verið ein aðalíþróttin hjá Snæfelli og félagið oft á tíðum náð frábærum árangri en sennilega þó aldrei svo góðum sem á þessu tímabili og ekki allt búið enn. Það má segja að upphafið að iðkun körfuboltans í Stykkishólmi megi rekja til komu Sigurðar Helgasonar sem ráðinn var sem íþróttakennari við grunnskólann árið 1951. Sigurður var sjálfur mikill íþróttamaður og kom með mikinn kraft í íþróttalífið í Hólminum sem var öflugt á þessum árum og þá sérstaklega badmintonið. Kennsla í körfuknattleik hófst svo 1952 og með Sigurði í kennslunni í byrjun var Ingveldur Sigurðardóttir.

Hér fyrir neðan er frásögn Sigurðar Helgasonar sjálfs frá þessum upphafsárum körfuboltans í Stykkishólmi.

Upphaf körfuknattleiks í Stykkishólmi

Með bréfi dags. 21.ágúst 1951 tilkynnti mér Jóhann Rafnsson, þáverandi formaður skólanefndar Barna- og miðskólans í Stykkishólmi að ég hefði verið ráðinn íþróttakennari við skólann.

Í bréfinu segir meðal annars: „Þá er þess vænst að íþróttakennari skólans taki að sér að glæða íþróttalífið meðal ungs fólks í bænum eftir því sem aðstæður leyfa. Vegna mjög slæmra aðstæðna hér hefur íþróttalíf verið í mjög miklum molum. Aðstaða öll til íþróttaiðkana hefur verið hin erfiðasta. Á þessu hefur nokkur bót ráðist með hinu nýja íþróttahúsi skólans og velli sem ungmennafélagið er að nokkru búið að standsetja. Kennslu utan skólans hafið þér enga skildu til að taka að yður en þess vænst að þér gefið kost á yður til þeirrar íþróttakennslu er ungmennafélagið teldi sig þurfa á að halda. Býst ég við að þér annið því vel.“

Þessari áskorun tók ég að sjálfsögðu með ánægju. Ég kom síðla dags á laugardegi til Stykkishólms og daginn eftir stjórnaði ég drengjamóti H.S.H. í frjálsum íþróttum sem Umf.Snæfell sá um á heimavelli sínum. Þarna sá ég mikinn efnivið sem átti eftir að koma mikið við sögu næstu árin ásamt eldri íþróttamönnum. Aðeins sex árum síðar var Snæfell talið vera sterkasta ungmennafélag landsins í frjálsum íþróttum og ári síðar eða 1958 sigraði H.S.H. stórveldið Skarphéðin í stigakeppni á útivelli.

Til að hlýða kalli skólanefndarinnar tók ég þá ákvörðun að leggja áherslu á kennslu í frjálsum íþróttum og körfuknattleik sem ég taldi henta vel sem innanhúsiþrótt. Ekki voru komnar upp körfur í íþróttahúsinu en ég fékk Ágúst Bjartmars til að smíða þær og setja upp eftir teikningum frá íþróttafulltrúa ríkisins. Ég gat því hafið kennslu í körfuknattleik í byrjun árs 1952 bæði í íþróttatímum eldri nemenda skólans og hjá Snæfelli. Ekki var þátttakan mikil í fyrstu því unga fólkið var upptekið við iðkun badmintons alla virka daga frá því skólaleikfimi lauk og fram á miðnætti og einnig talsvert um helgar enda var Stykkishólmur þá kallaður „Badmintonbærinn“.

Nokkuð vantaði upp á að íþróttasalurinn væri löglegur körfuknattleiksvöllur, aðeins 18x9m á stærð, og varð ég því að láta aðeins 4 leika í hvoru liði. Um keppni var ekki að ræða í fyrstu nema bekkjakeppni innan skólans og keppni úrvalsliðs skólans við lið Snæfells. Hvergi í nágrenni Stykkishólms var körfuknattleikur iðkaður svo ekki var um að ræða samskipti á þeim vettvangi fyrr en eftir nokkur ár.

Íþróttahús var byggt í Borgarnesi 1949 af svipaðri stærð og í Stykkishólmi. Ekki hófst iðkun körfuknattleiks þar fyrr en 1958 þegar Guðmundur Sigurðsson var ráðinn kennari við Barna- og miðskólann. Hann hafði þá kennt íþróttina bæði í Grindavík og Njarðvík.

Haustið 1959 ákváðum við Guðmundur að koma á keppni milli Snæfells og Skallagríms í körfuknattleik í karlaflokki. Fyrsti leikurinn fór fram í Borgarnesi 17.janúar 1960. Þennan leik vann Snæfell 63:46 en í hálfleik var staðan 33:32. Næsta keppni fór fram í Stykkishólmi 10.apríl og fór Snæfell aftur með sigur af hólmi, 89:52. Þriðja keppni ársins fór fram í Borgarnesi 18.desember og sigraði Snæfell enn, 69:67. Miðskólapiltar kepptu þá einnig og sigraði lið Miðskólans í Stykkishólmi, 44:32.

Í byrjun árs 1961 var ákveðið að koma á árlegri bæjakeppni milli Stykkishólms og Borgarness. Bæjarstjórnir, Ólafur Guðmundsson í Stykkishólmi og Halldór E. Sigurðsson í Borgarnesi, gáfu veglegan bikar til að keppa um. Fyrsta keppnin fór fram í Stykkishólmi og Halldór E. Sigurðsson í Borgarnesi gáfu veglegan bikar til að keppa um. Fyrsta keppnin fór fram í Stykkishólmi 3.apríl 1961 og fóru heimamenn með sigur af hólmi, 50:35. Samhliða fór fram keppni miðskólapilta og sigruðu Borgnesingar, 44:43.

Um haustið var vel æft og fóru fram nokkrir æfingaleikir milli Snæfells og miðskólans. Í einum þeirra sem Snæfell vann 118:42 bar það til tíðinda að Jón Eypór skoraði 76 stig.

Þann 21.janúar 1962 tók Snæfell þátt í körfuknattleiksmóti í Borgarnesi og sigraði þar Skallagrím, 68:36 og Körfuknattleiksfélag Reykjavíkur, 44:32. Miðskólapiltar sigruðu jafnaldra sína í Borgarnesi 67:30.

19.apríl fór fram bæjarkeppnin í annað sinn. Stykkishólmur tapaði þá í fyrsta sinn fyrir Borgarnesi, 52-69. Piltar úr miðskólanum sigruðu í skólakeppninni, 79:24 en stúlkurnar töpuðu í þeirra fyrstu keppni, 10:23.

Vegna fjarveru minnar við nám í Bandaríkjunum 1963 féll niður bæjakeppnin við Borgarnes. En ég fór með liðið til Reykjavíkur 24.nóvember til að leika með 5 menn í liði með það í huga að keppa í framtíðinni við lið á löglegum velli með það í veganesti sem ég hafði lært í Bandaríkjunum. Mótherjar okkar var II.flokkur Í.R. sem valtaði yfir okkur, 67:28 enda var lið okkar í lítilli æfingu.

Þann 12.janúar 1964 fór fram þriðja bæjakeppnin við Borgnesinga á okkar heimavelli. Við biðum lægri hlut 44:61 og nú fór að halla undan fæti hjá okkar ágæta liði. Og í byrjun árs 1965 töpuðum við í þriðja sin, 49:75 og þar með unnu Borgnesingar bikarinn til eignar. En ekki vorum við á því að gefast upp. Snæfell skráði sig til þátttöku í fyrstu keppni í 1.deild karla 1965. Fyrsti leikurinn var við lið Menntaskólans á Laugarvatni 20.febrúar. Eftir fyrsta leikhluta var staðan jöfn, 18:18 en í hálfleik 30:37. Í seinni hálfleik brást úthaldið og hittnin var í algeru lágmarki svo við töpuðum leiknum 46-70. Daginn eftir lék Snæfell við Í.K.F., Íþróttafélag Keflavíkurflugvallar. Það lið sigraði á mótinu. Okkur gekk ágætlega í byrjun og vorum 7 stigum yfir í hálfleik. En eins og í fyrsta leiknum brást úthaldið og við töpuðum 47:55. Þrátt fyrir þessa tvo tapleiki fékk liðið mjög lofsamlega dóma í dagblöðum.

Í byrjun mars fengum við góða heimsókn. Tvö lið frá Í.R. komu þá til að keppa við Snæfell með Þorstein Hallgrímsson í broddi fylkingar en hann var þá einn besti leikmaður á landinu í körfuknattleik. Fyrst lék lið Í.R. í II.flokki pílta við miðskólapíltu og sigraði 43:29. Þá léku stúlkur úr meistaraflokki Í.R. við II.fl. Snæfells. Í.R. sigraði eftir jafnan síðari hálfleik, 34:22 sem voru góð úrslit fyrir hið unga lið Snæfells. Síðasti leikurinn var hrein flugeldasýning en þá lék Snæfell við II.fl. Í.R. sem styrkti lið sitt með Þorsteini Hallgrímssyni. Í.R. sigraði 121:79 og var sóknarleikur Snæfells mjög góður þrátt fyrir tapið.

Við mættum því fullir bjartsýni til leiks á Íslandsmótið í Hálogalandi 27.mars til leiks við Skallagrím. Það var eins og strákarnir hefðu aldrei leikið körfuknattleik áður því þeir steinlágu fyrir lélegu liði Skallagríms 28:35. Daginn eftir léku þeir sinn síðasta leik í mótinu gegn Skarphéðni og töpuðu honum einnig. Þar með þurftum við að bíta í það súra epli að verma botnsætið á mótinu þó við værum með mun hagstæðara markahlutfall [stigahlutfall] en Skallagrímur.

Þann 13.apríl fór fram úrslitaleikur Íslandsmótsins í II.flokki kvenna í Borgarnesi þar sem stúlkurnar úr Snæfelli fóru með sigur af hólmi.

Á Landsmóti U.M.F.Í. á Laugarvatni í byrjun júlí 1965 var í fyrsta sinn keppt í körfuknattleik. Eftir að hafa rutt Skallagrími úr vegi lékum við til úrslita við Skarphéðinn sem sigraði eftir mjög jafnan leik 40:37 en Snæfell hlaut silfurverðlaun. Þetta var síðasti leikurinn þar sem ég stjórnaði strákunum mínum og saknaði þeirra sáran.

Sigurður Helgason.